

Fundargerð stjórnar Bandalags íslenskra skáta

Fundarstjóri: Marta Magnúsdóttir	Fundur nr. 2/2020
Fundarritari: Guðmundur Örn Sverrisson	
Mættir: Marta Magnúsdóttir (MM) skátahöfðingi Ásgerður Magnúsdóttir (ÁM) formaður ungmennaráðs Björk Norðdahl (BN) formaður fræðsluráðs Harpa Ósk Valgeirsdóttir (HÓV) formaður dagskráráðs Jón Halldór Jónasson (JHJ) formaður upplýsingaráðs Kristinn Ólafsson (KÓ) framkvæmdastjóri BÍS Guðmundur Örn Sverrisson (GS) fjármála- og verkefnastjóri BÍS	Fundarstaður: Hraunbær 123 Dags: 6. feb. 2020 Frá kl. 8:30-11
Gestir: Engir gestir.	
Fjarverandi: Dagmar Ýr Ólafsdóttir (DÝÓ) aðstoðarskátahöfðingi, formaður félagaráðs og alþjóðaráðs, Sævar Skaptason (SS) formaður fjármálaráðs	

Dagskrá:

Tími -mín:	Nr.	Fundarefni	Ábyrgð
1	1	Setning MM setti fundinn klukkan 8:24.	MM
1	2	Fundargerð síðasta fundar Engar athugasemdir, fundargerð samþykkt.	GS
90	3	Stjórnýsla <ol style="list-style-type: none"> Fjárhagsáætlun Farið yfir fjárhagsáætlun BÍS og drög að ársreikningum dótturfélaga. Mikið rætt um nýtingu fjármagns til upplýsingamála. Lagt til að eyrnamerkja hálf milljón aukalega í kynningarmál. Tillaga samþykkt. Áhersla lögð á að rekstur ÚSÚ verði sjálfbær. Ákvörðun árgjalds Lagt til að árgjald verði 580 krónur. Tillaga samþykkt og vísað til Skátapings. Bókun vegna eignarhlutar St. Georgsgilda í H123 Bókun lögð fyrir fundinn og óskað eftir samþykki stjórnar til undirritunar hennar. Bókun samþykkt og samþykki veitt. Bókun tekna og gjalda Áhersla lögð á að upplýsingaflæði til bókhalds sé gott. Bent á að upplýsingarnar eru oft hjá viðburðastjóra og/eða þjónustufulltrúa. Verklag skoðað en hvatt til góðra samskipta. Kirkjubrautarsjóður Farið yfir úthlutunarreglur og nafngift sjóðsins rædd. Stefnumótun BÍS Rætt um stöðu stefnumótunar. Fyrir liggur að ræða málið á sunnudegi á Ungmennapingi. Stjórn hittist á vinnufundum í vikunni og leggur upp félagsforingjafund. Skólastjóri Skátaskólans 	KÓ MM KÓ GS KÓ MM KÓ

		<p>Rætt um mögulegt hlutverk skólastjóra Skátaskólans og fjármögnun stöðunnar. Nauðsynlegt er að móta hlutverk skólastjóra og tryggja fjármagn áður en ráðið er í stöðuna.</p> <p>8. Foringjamerki Ákveðið að bera erindið upp á Ungmennahöfningu. Einnig óska eftir að merki sem ekki eru í notkun verði skilað.</p> <p>9. Kostnaður vegna persónuverndar Gert grein fyrir bókun kostnaðar vegna vinnunar og rætt um styrk vegna félagabrennu.</p>	<p>MM</p> <p>KÓ</p>
<u>55</u>	5	<p>Viðburðir, útgáfa efnis og fræðsla</p> <p>1. Gestir á European Jamboree Boð frá European Jamboree. Samþykkt að Björk þiggi boðið.</p> <p>2. Fararhópar á heimsping Frestað.</p> <p>3. Þema skátaþings Farið yfir 13 hugmyndir. Ákvörðun frestað.</p> <p>4. Crean vetraráskorun Tillaga um að þróa samstarfið, bjóða þeim að kaupa þessa þjónustu af ÚSÚ með möguleika á aðkomu sjálfboðaliða. Tillaga samþykkt.</p>	<p>MM</p> <p>MM</p> <p>MM</p> <p>MM</p>
<u>13</u>	7	<p>Önnur mál</p> <p>1. Movis hópur farinn af stað, óskar eftir að koma á stjórnarfund í mars og kynna afrakstur vinnunar.</p> <p>2. Eftirfarandi tillaga er lögð fyrir fundinn: „Stjórn BÍS samþykkir að stofna vinnuhóp til þriggja mánaða til að skoða kosti og galla við umbunarkerfi fyrir skátaforingja. Vinnuhópurinn skili hugmyndum til stjórnar BÍS, sem ákveður framhaldið.“ Tillagan rædd, tillögu frestað þar til MoViS-hópur hefur kynnt vinnu sína.</p> <p>3. Styrktarpinninn og kynningarþema styrktarpinnans 2020 kynnt.</p> <p>4. Málþing um skátaskála á Íslandi í mars kynnt.</p> <p>5. Lagt til að hlekkurinn „styrkja skátana“ verði virkjaður. Fundurinn upplýstur um að það sé í vinnslu.</p> <p>6. Tillaga að stjórn ÚSÚ kynnt. Lagt til að kynjahlutfall í stjórn sé jafnara. Fundu slitið kl. 10:09</p>	<p>Fundarstjórn</p>